

Aðgerðir til eflingar leikskólastigsins

Unnið fyrir mennta- og menningarmálaráðherra 2012

Efnisyfirlit

Formáli 2

Inngangur..... 3

Verkefni

- | | |
|---------------------------|---------------------------|
| 1. | Fjölgun |
| leikskólakennaranema..... | 7 |
| 2. | Skipulag menntunar |
| leikskólakennara..... | 13 |
| 3. | Sveigjanleiki í menntun á |
| starfstíma..... | 17 |

Fylgiskjöl..... 19

Formáli

Þann 16. janúar 2012 skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp til að setja fram aðgerðaáætlun til að fjölga þeim einstaklingum sem sækja um leikskólakennaranám og stuðla þannig að nauðsynlegri nýliðun meðal leikskólakennara. Starfshópnum var einnig falið að setja fram aðgerðir til að jafna kynjahlutföll starfsfólks í leikskólum.

Starfshópurinn hittist formlega 6 sinnum og var hluti fundanna í fjarfundaformi. Byrjað var á hugarflugsfundi þar sem skráðar voru helstu hindranir og lausnir sem starfshópurinn sá á verkefninu.

Við lok vinnunnar fengu allir aðilar tíma til að leggja drögin fyrir sitt bakland og koma með athugasemdir. Þegar tillit var tekið til þeirra athugasemda hittist hópurinn í síðasta skipti til að samþykka lokaútgáfu.

Umræður voru á tímum miklar enda málefnið mikilvægt og umfangsmikið, en umræðurnar skiluðu árangri, þar sem þessi aðgerðaáætlun er lögð fram með samþykki allra aðila starfshópsins.

Í starfshópnum sátu:

Rósa Gunnarsdóttir formaður, Atli Lýðsson fulltrúi Eflingar, Anna Elísa Hreiðarsdóttir, fulltrúi Háskólans á Akureyri, Þórdís Þórðardóttir fulltrúi Háskóla Íslands, Svava Bernhard Sigurjónsdóttir fulltrúi Heimilis og skóla, Haraldur Freyr Gíslason og Ingibjörg Kristleifsdóttir fulltrúar Kennarasambands Íslands, Björk Ólafsdóttir fulltrúi Sambands íslenskra sveitafélaga og Áki Árnason fulltrúi Samtaka sjálfstæðra skóla. Starfsmaður hópsins var Erla Ósk Guðjónsdóttir.

Rósa Gunnarsdóttir formaður starfshópsins

Inngangur

Leikskólinn er skilgreindur sem fyrsta skólastigið í íslenska menntakerfinu. Mjög stór hluti barna sækir leikskóla, allt frá eins árs aldri og dvelja að meðaltali sjö klukkustundir á dag samkvæmt skólaskýrslum Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011 og Hagstofu Íslands.

Lög um leikskóla, nr. 90/2008 renna sterkum stoðum undir leikskólastarfið. Í lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er enn frekar leitast við að tryggja að menntun og undirbúningur kennara í leikskólum sé með því besta sem völ er á. Þar er meðal annars sett fram sú krafa að 2/3 hlutar starfsfólks sem sinnir menntun og uppeldi í leikskólum séu leikskólakennarar. Með síðarnefndu lögunum var einnig lögfest að nýir leikskólakennarar þurfa að hafa lokið meistaraþrófi til að geta fengið leyfisbréf.

Í dag er að meðaltali á landsvísu, einungis um 1/3 starfsfólks sem sinnir menntun og uppeldi í leikskólum með leikskólakennararéttindi, sem jafngildir um 1546 stöðugildum samkvæmt Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2011.

Samkvæmt upplýsingum frá kennaramenntunarstofnunum hefur dregið úr aðsókn í leikskólakennaranám síðustu ár. Sá fjöldi einstaklinga sem nú er við nám í leikskólakennarafræðum er það lítill að ljóst er að fjöldi útskrifaðra mun ekki standa undir nauðsynlegri endurnýjun leikskólakennara til að uppfylla 2/3 hluta ákvæðis laga nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda. Ljóst er að grípa þarf til aðgerða til að ná settu markmiði laganna í samstarfi allra hagsmunaaðila sem að málinu koma.

Leikskólastigið er eina skólastigið á Íslandi sem líður fyrir skort á kennurum en úr því má meðal annars bæta með því að nýta fjölbreyttan bakgrunn leiðbeinenda og skapa þeim aukna möguleika til að mennta sig til starfa á leikskólum.

Vegna þess hve mikið er í húfi þarf strax að grípa til sértækra aðgerða sem fela í sér hvatningu til ofanefnds hóps og annarra um að leggja fyrir sig leikskólakennaranám. Skerpa þarf mynd af leikskólakennara sem ábyrgum sérfræðingi í uppeldi og menntun ungra barna og leggja áherslu á inntak leikskólakennaranámsins og á að kynna leikskólann sem grunn að íslensku menntakerfi.

Fjöldi erlendra rannsóknarniðurstaðna sýna að leikskólar með vel menntuðu starfsfólki geta skipt sköpum fyrir námsframvindu allra barna og geta dregið úr mismunun vegna kyns, uppruna, menntunarstigs foreldra og annarra þátta¹.

¹Dæmi um greinar sem fjalla um slíkar rannsóknarniðurstöður:

Karoly, Lynn A. ; Gonzalez, Gabriella C. *Early Care and Education for Children in Immigrant Families*, Future of Children, v21 n1 p71-101 Spr 2011. 31 pp.

Children of Immigrant Families: Analysis and Recommendations Margie K. Shields and Richard E. Behrman
Leveling the Playing Field: Supporting Immigrant Children from Birth to Eight Ruby Takanishi


Do the Effects of Early Childhood Programs on Academic Outcomes Vary by Gender? A Meta-Analysis, Robert Kelchen og fl., frá 2011
Being, Belonging and Becoming: Some Worldviews of Early Childhood in Contemporary Curricula, Theodora Papatheodorou, Professor of Early Childhood and Director of Research at the Faculty of Education, Anglia Ruskin University (2011)

PISA: <http://www.eric.ed.gov/PDFS/ED523054.pdf>

Hér á eftir fylgja tillögur um aðgerðir sem starfshópurinn leggur til að verði farið af stað með. Með þeim fylgir gróflega áætlað kostnaðarmat á hverri aðgerð og mat á mögulegum afrakstri aðgerða.

Þörfin fyrir aðgerðir er ótvíræð

Mynd 1 hér að neðan er byggð á mannfjöldaspá Hagstofu Íslands um fjölda barna á leikskólaaldri næstu áratugi. Þar kemur fram að miðspá fyrir fjölda barna á leikskólaaldri er nokkuð jöfn, sem þýðir að það verða ekki miklar sveiflur í fjölda barna á leikskólaaldri næstu þrjú áratugi. Ef sú spá gengur eftir má gera ráð fyrir því að fjöldi stöðugilda leikskólakennara, samkvæmt 2/3 reglunni, í leikskólum haldist sá sami, eða um 2917 stöðugildi samkvæmt tölum frá Sambandi íslenskra sveitafélaga. Samkvæmt myndinni er ljóst að ekki næst að uppfylla ákvæði laganna fyrr en í fyrsta lagi árið 2041 miðað við óbreyttar forsendur, þ.e. að því gefnu að þau 180 námspláss sem háskólarnir hafa til ráðstöfunar fyrir leikskólakennaranema verði fyllt og ekkert brottfall verði.



Mynd 1 Spá um þróun á þörf fyrir leikskólakennara byggð á mannfjöldaspá Hagstofu Íslands og mögulegur fjöldi útskrifaðra leikskólakennara fram til 2041.

Árið 2010 var heildarfjöldi starfsfólks í leikskólum 4.979 talsins í 4.376 stöðugildum. Þar af voru 1.707 leikskólakennarar starfandi í 1.548 stöðugildum, sem er rétt rúmlega 1/3 af heildarfjölda stöðugilda. Í 2. mgr.9. gr. laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 87/2008 kemur fram að a.m.k. 2/3 starfsmanna er starfa við uppeldis og menntunarstörf á leikskólum skuli vera leikskólakennarar. Til þess að lögum sé framfylgt ættu því 2.917 stöðugildi leikskólakennara að vera mönnum af leikskólakennurum. Upp á það vantar 1.369 stöðugildi árið 2010.

Vandinn er alvarlegur og lausnin er bæði tímafrek og kostnaðarsöm

Að mati starfshópsins má rekja rót vandans m.a. til þess að of fáir líta á leikskólakennaranám sem raunverulegan valkost. Samanburður á starfskjörum og starfsaðstæðum við sambærilegar starfsstéttir er leikskólakennaranum í óhag².

Sést þetta einna best í því hversu fáir hafa sótt um í leikskólakennaranám á síðustu árum.

Sammanburður á umsóknum um nám í leikskólakennarafræðum árin 2007 og 2011.

| | | Umsóknir | Boðið plás | Þáðu pláss |
|---------|-----|------------|------------|------------|
| 2007 | HA | 53 | 19 | 15 |
| | KHI | 221 | 171 | 109 |
| Samtals | | 273 | 190 | 114 |
| 2011 | HA* | 84 | 100 | 77 |
| | HÍ | 55 | 20 | 28 |
| Samtals | | 139 | 120 | 105 |

Umsóknum í leikskólakennaranám hefur fækkað mikið á síðustu árum og er staðan orðin þannig að árið 2011 bárust 55 umsóknir til Menntavísindasviðs HÍ um inngöngu í leikskólakennaranám og þar af uppfylltu aðeins 20 skilyrði til háskólanáms.* Til Háskólans á Akureyri bárust 84 umsóknir í allt kennaranámið, leik og grunnskóla, þar sem það er samkennt á fyrsta ári, sem er sambærileg tala miðað við fyrri ár.

Að mati starfshópsins má einnig rekja rót vandans til lengingar leikskólakennaranámsins. Fækkun umsókna hefur verið umtalsverð í kjölfar lagasetningarinnar 2008 þegar námið var lengt úr þremur árum í fimm. Þó ber að halda því til haga að reyndu fyrri ára í tengslum við lengingu náms og færslu milli skólastiga hefur alltaf haft í för með sér tímabundna fækkun umsókna, þó aldrei í því mæli sem nú er. Starfshópurinn telur ekki rétt að fullyrða um hvort áhrif þessara breytinga á menntunarkröfum verði langvarandi. Til þess þarf málið sérstaka skoðun.

Karlmenn í leikskólum

Samkvæmt Skólaskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga voru 184 stöðugildi í leikskólum skipuð karlmönnum við uppeldis- og menntunarstörf árið 2010 og þar af eru líklega um 20 leikskólakennarar.

Við Háskólann á Akureyri hafa 16 karlmenn hafið nám í leikskólafræðum og 5 útskrifast frá 1995 eða 31.3%.

² Óútgefin skýrsla um kennara Key data on teachers Eurydice, í vinnslu, einnig sjá samanburð á samningum grunnskólakennara og leikskólakennara.

Frá Fósturskóla Íslands, útskrifuðust frá 1983 – 1999 alls 17 karlar. Frá Kennaraháskóla Íslands og Menntavísindasviði Háskóla Íslands hafa 39 karlar lokið leikskólakennaranámi frá 1999. Alls hafa þessir skólar útskrifað 56 karla frá 1983

Sé gert ráð fyrir sömu forsendum og fyrir aukinni nýliðun almennt, þ.e. að leikskólakennarar verði í 2.917 stöðugildum og að markmiðið sé að 10 % leikskólakennara verði karlmenn árið 2041, þá jafngildir það 146 stöðugildum. Til þess að mæta þessu markmiði þyrftu að jafnaði 6 karlmenn að útskrifast á ári næstu 25 ár.

Aðgerðum til að ná þeim markmiðum sem sett eru fram hér að framan verður að skipta bæði eftir sviðum sem þarf að takast á við og í skammtíma- og langtíma verkefni.

Vinna þarf markvisst að því að leiðrétta þennan kynjamun og telur starfshópurinn að horfa eigi til þess sérstaklega að læra af reynslu þeirra leikskóla þar sem hefð hefur nú þegar skapast fyrir tiltölulega hárrí þátttöku karlmanna í leikskólakennslu og umönnun barna.

Mælanleg markmið aðgerðaráætlunar

| | |
|---------------------------------------|---|
| Nýliðun | |
| Skammtíamarkmið | Umsóknum í leikskólakennaranám fjölgi um fjórðung næstu 5 árin 180 leikskólakennarar útskrifast á ári eftir árið 2020 |
| Langtíamarkmið | Nýliðun leikskólakennara standi undir endurnýjun starfsfólks árið 2050 |
| Fjölgun karlmanna í leikskólum | |
| Skammtíamarkmið | Fjölga umsóknum karlmanna í 6 – 8 umsóknir á ári fyrir árið 2020 Fjölga útskrifuðum körlum í 6 – 8 á ári fyrir árið 2025 |
| Langtíamarkmið | Framtíðarsýn er fullt jafnvægi milli kynja en mælanlegt langtíamarkmið veður Karlmenn verði 10% starfsfólks leikskóla árið 2050 |

Þar sem þessar aðgerðir eru umfangsmiklar og gætu verið fordæmisgefandi leggur hópurinn til að hún verði lögð fram sem aðgerðaráætlun ríkisstjórnar til 30 ára í málefnum leikskóla

VERKEFNI 1**Fjölgun leikskólakennaranema**

Fjölga umsóknum og leikskólakennaranemum og þar með útskrifuðum leikskólakennurum í samræmi við markmið aðgerðaáætlunar.

Starfshópurinn hefur skilgreint þrjá markhópa vegna nýliðunaraðgerða sem fjallað er um hér. Það eru *grunn- og framhaldsskólanemar, almennt starfsfólk í leikskólum, leikskólaliðar og fagfólk með aðrar háskólagráður* en í leikskólakennarafræðum.

Miðað við óbreytta stöðu hjá þeim háskólum sem bjóða upp á nám í leikskólakennarafræðum þá er hægt að taka á móti 180 nýnemum í leikskólakennaranám á ári. Sú eftirspurn hefur aldrei verið til staðar og því hefur ekki reynt á að vísa þurfi frá hæfu fólki vegna fjöldatakmarkana. Samkvæmt upplýsingum frá háskólunum mætti fjölga nýnemum enn frekar en það myndi kalla á aukningu á kennslurýmum og bættri aðstöðu til kennslu og fjölgunar í kennaraliði háskólanna.

Í töflunni hér að neðan má sjá stöðuna eins og hún er í dag og kjörstaða í fjölda útskrifaðra leikskólakennara næstu árin.

| | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 |
|--|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Leikskólakennarar* | 1546 | 1420 | 1308 | 1180 | 1070 | 1143 | 1209 | 1268 |
| Fjöldi starfsgilda leikskólakennar skv 2/3 reglu | 2917 | 2917 | 2917 | 2917 | 2917 | 2917 | 2917 | 2917 |
| Möguleg háskólapláss | 180 | 180 | 180 | 180 | 180 | 180 | 180 | 180 |
| Útskrifaðir | 28 | 30 | 3 | 8 | 180 | 180 | 180 | 180 |
| *Gert er ráð fyrir 5% brotthvarfi leikskólakennara á ári. Bætt er við fullri nýliðun af útskriftarárgöngum | | | | | | | | |

Ef gert er ráð fyrir að kynningarátak fari af stað haustið 2012 og aðsókn í kennaranámið aukist þannig að hægt sé að nýta öll pláss þá er möguleiki á að útskrifa 180 leikskólakennara árið 2017 miðað við að enginn nemi hverfi frá námi. Gert er ráð fyrir að á sama tíma munu að minnsta kosti yfir 5% starfandi leikskólakennara hætta störfum vegna aldurs eða um 70 manns. Við útreikningana var ekki tekið tillit til annars brotthvarfs úr starfsstéttinni en sem verður vegna aldurs.

Eins og sjá má af töflunni er vandinn verulegur og ljóst er að ekki mun takast að uppfylla þau ákvæði laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda um að 2/3 starfsmanna við uppeldi og menntun í leikskólum verði með leyfisbréf leikskólakennara fyrr en í fyrsta lagi í kringum 2042, svo fremi að hægt sé að vera með hvert pláss leikskólakennaranema skipað allan tímann og ekkert brottfall verði.

Ef aukning nýliðunar í leikskólakennaranám gengur eftir þannig að 180 nýnemar hefji nám á hverju ári næstu áratuginna þá munu verða rúmlega 900 nemendur í leikskólakennaranámi hverju sinni.

Framkvæmd og skipulag verkefnisins

Starfshópurinn hefur komið fram með þrjár hugmyndir til að koma þessu verkefni í framkvæmd og voru þær skilgreindar sem þrjú verkþættir sem hvern um sig þarf að skoða sérstaklega. Stjórn allra verkþátta verður í höndum stýrihóps sem í sitja fulltrúar allra hagsmunaaðila líkt og sitja í starfshópnum sem vann þessa aðgerðaáætlun.

Hlutverk stýrihópsins verði að ákvarða um fagleg og stefnumótandi málefni sem tengjast framkvæmd verkefnisins.

Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn, sem endurskipaður verður á 4 ára fresti, sitji þar til markmiði um að nýliðun standi undir endurnýjun leikskólakennara náist eða til u.þ.b. ársins 2042 eða lengur.

Stýrihópurinn myndi skila af sér reglulegum skýrslum til þeirra stofnana og samtaka sem eiga aðild að stýrihópnum.

Verkþættirnir eru eftirfarandi:

- Gagnaöflun og greining
- Kynningar- og upplýsingamál
- Námskostnaður

Verkpáttur 1 - Gagnaöflun

Framkvæmdaaðili: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Kostun: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Skipulag:

Mats- og greiningarsvið mennta- og menningarmálaráðuneytis gerir útboð um gagnaöflun og greiningu á stöðu starfsstéttarinnar.

Stýrihópur myndi koma að frekari skilgreiningu á rannsóknarspurningum og framkvæmd gagnaöflunar.

Dæmi um málefni sem safna þarf gögnum um eru eftirfarandi;

- Hlutfall fólks með leikskólakennaramenntun sem starfar á leikskólum eftir skólum.
- Við hvað starfa leikskólakennarar sem ekki starfa á leikskólum?
- Af hverju fóru þeir í önnur störf?
- Af hverju völdu þeir sér leikskólakennaranám?
- Skoða markhópana með það í huga að finna út hvaða skilning þeir hafa á starfi leikskólakennarans og hvað það er sem ræður vali þeirra á framtíðarstarfi.

Lögð verði áhersla á að skilgreindar verði leiðir til að fylgjast með lykiltölum um leikskólakennaranám og starfsánægju leikskólakennara og birtingu þeirra gagna opinberlega.

Tímamörk: Áætluð verklok vorið 2013.

Kostnaður: Sambærilegur við úttektir sem ráðuneytið lætur framkvæma eða á milli 2-3 millj. kr.

Verkpáttur 2 – Kynningar og upplýsingagjöf

Framkvæmdaaðili: Verkefnastjóri og fagaðili/ar í kynningarmálum

Kostun: Fjárframlag ríkisins og sveitarfélaga að hluta

Skipulag:

Stjórn verkpáttarins verður í höndum stýrihópsins en framkvæmd í höndum verkefnastjóra, sem ráðinn verður til starfans á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis og/eða í samráði hagsmunaaðila.

Verkpátturinn verður í tveimur hlutum:

- a) Skammtíma kynningarátak
- b) Langtímaverkefni í nýliðun í leikskólakennaramálum

- a) Skammtíma kynningarátak

Verkefnastjóri og fagaðili/ar í kynningarmálum taka að sér að setja upp kynningarátak með það að markmiði að fjölga nýnemum í leikskólakennarafræðum. Lagt er til að verkefnið fari af stað haustið 2012. Í því felst að hanna og gefa út kynningarefni um starfsemi leikskóla á Íslandi með nýliðun leikskólakennara að leiðarljósi. Lagt er til að horft verði til þeirra þriggja markhópa sem skilgreindir eru í skýrslunni, þ.e. grunn- og framhaldskólanema, starfsfólks í leikskólum, leikskólaliða og fagfólks með aðra háskólamenntun en leikskólakennaramenntun. Stýrihópurinn hefði það hlutverk að hafa umsjón með og bera ábyrgð á faglegum hluta kynningarátaksins en fengnir yrðu sérfræðingar í kynningar- og markaðsmálum til að undirbúa átakið og hrinda því í framkvæmd.

- b) Langtímaverkefni í nýliðun í leikskólakennara

Verkefnastjóri í samráði við stýrihóp metur niðurstöður gagnaöflunar úr verkþætti 1 til frekari mótunar á aðgerðum í þágu nýliðunar leikskólakennara.

Um er að ræða langtímaverkefni sem hefði með útgáfustarfsemi, upplýsingaöflun og greiningu að gera.

Mikilvægt er að hugað sé að því í þessari vinnu, að nýta sem best vilja og virkni foreldra og forðast að hampa staðalímyndum en að kynjasjónarmið verði í hávegum höfð.

Hlutverk þessa langtímaverkefnis er einkum að koma fram með hugmyndir að leiðum til að fjölga karlkyns leikskólakennurum í leikskólum landsins og hrinda þeim hugmyndum í framkvæmd.

Tímamörk

- a) Verkefni lokið 2013.
- b) Verkefni lokið 2042 eða seinna.

Kostnaður

- a) Kostnaður við stutt átaksverkefni af þessari stærðargráðu er erfitt að meta án útboðs en samkvæmt þeim upplýsingum sem formaður starfshóps aflaði þá gæti kostnaður verið á milli 3 – 8 millj. kr. eftir því hversu viðamikilið verkefnið verður.

Kostnaður við ráðningu verkefnastjóra í 100% stöðugildi er um 7 – 8 millj. kr. á ári með öllum launatengdum gjöldum.

- b) Kostnaður vegna stýrihóps verður aðallega fólginn í ferðalögum fulltrúa hagsmunaaðila af landsbyggðinni og í kostnaði við fundahöld. Er sá kostnaður áætlaður innan við 300 þús. kr. á ári.

Kostnaður við útgáfu og upplýsingagjöf getur verið mismunandi eftir árum en varlega áætlað má gera ráð fyrir um 1.5 til 2 millj. kr. að jafnaði á ári.

Gert er ráð fyrir að stýrihópurinn leggi árlega fram kostnaðaráætlun vegna þessa verkefnis til mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Verkþáttur 3 – Námskostnaður

Framkvæmdaaðili: Ríkisstjórn og sveitarfélög.

Kostun: Ríkisstjórn í gegnum Lánasjóð íslenskra námsmanna og sveitarfélög.

Skipulag:

Hér eru uppi tvær óskyldar hugmyndir um aðkomu ríkisins að tímabundinni niðurgreiðslu kostnaðar að afla sér leikskólakennaramenntunar.

- a) Niðurgreiðsla námslána einstaklinga sem ljúka leikskólakennaranámi á tilskyldum tíma og hefja störf í leikskólum að námi loknu.

Hér er um að ræða hugmyndir sem þróuðust út frá umræðu um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna um að nemendur sem ljúka námi á tilsettum tíma mundu eiga kost á að 20% af höfuðstól námslána þeirra yrðu felld niður.

Í starfshópnum kom einnig upp hugmynd sem gengur lengra en hún snýst um að leikskólakennarar sem vinna í leikskólum fái niðurfellingu á hluta námslána sinna fyrir hvert ár sem þeir starfa í leikskólum í allt að fimm ár. Hlutfall þessarar niðurfellingar gæti verið allt frá 5% upp í 20%. Nánari útfærsla þessarar hugmyndar og kostnaðarútreikningar eru í fylgiskjali 1.

- b) Öndvegis styrkir til nemenda í meistaranámi í leikskólakennafræðum.

Settur verði upp námssjóður sem stofnaður yrði af ríki og sveitarfélögum þar sem tveir námsmenn fengju árlega framfærslu og skráningargjöld greidd til að ljúka námi á meistarastigi í leikskólakennafræðum.

Sjóðnum mætti koma fyrir í umsjá Rannís og að honum kæmi stýrihópur þessa verkþáttar sem sæi um úrvinnslu umsókna og úthlutun.

Nánari upplýsingar um skipulag þessarar hugmyndar og kostnaðarútreikningar eru í fylgiskjali 2.

Tímamörk: Báðar hugmyndirnar gætu verið komnar til framkvæmda strax á næsta fjárlagaári ef samþykki fyrir þeim fæst. Lagt er til að hugmynd a) verði tímabundin til 2025 og svo endurskoðuð en hugmynd b) verði út starfstíma stýrihóps eða ótímabundin.

Kostnaður:

Sjá fylgiskjöl 1 og 2.

VERKEFNI 2

Skipulag menntunar leikskólakennara

Koma til framkvæmda hugmyndum um heildstæða menntun í leikskólafræðum frá upphafi framhaldsskóla upp í gegnum háskóla.

Til að hækka menntunarstig starfsfólks í leikskólum er mikilvægt að skipulag menntunar í leikskólafræðum sé hugsað í þrepum. Þannig er komið til móts við þá sem vilja skipuleggja menntun sína á eigin forsendum og einnig mætti hugsa sér að fleiri sæju hag sinn í að hefja nám og ljúka því á þeim tíma sem þeim hentar og stunda jafnvel námið með vinnu. Með því að **fjölga útskriftarleiðum** á námstíma til fullra leikskólakennararéttinda er hægt að auka möguleika fólks til að afla sér réttinda til að starfa á leikskólum á hinum ýmsu námsstigum.

Markmiðið er að gera nám í leikskólafræðum aðgengilegra og markvissara með því að stigskipta því og í samstarfi við starfsvettvanginn fjölga starfsheitum í leikskólum, þar sem hærra menntunarstig kæmi fram í breyttu starfssviði og launum. Þannig er hægt að fjölga snertiflötum milli vettvangs og menntunar. Á næstu blaðsíðu má sjá mynd af því hvernig starfshópurinn sér fyrir sér uppbyggingu náms á framhaldsskóla- og háskólastigi.


Stéttarfélag hafa lagt aukna áherslu á **raunfærnimat** við inntöku í háskólanám. Í þessu tilfalli á þetta sérstaklega við um starfsmenn leikskóla sem unnið hafa lengi á leikskólum og hafa, fyrir utan langa reynslu, lokið leikskólaliðanámi, farið á ýmis námskeið og sótt endurmenntun á framhaldsskólastigi, sem ekki fæst metið inn í frekara nám, þar sem stúdentsprófi hefur ekki verið lokið.

Hér má vísa til íslenskrar reynslu af því þegar grunnskólakennaramenntun var færð upp á háskólastig á sjöunda áratuginum. Í kjölfar þess fengu margir starfsmenn grunnskóla, sem voru leiðbeinendur, tækifæri til að bæta við sig námi, og fengu full réttindi grunnskólakennara eftir ½ til 1 ár. Reynsla t.a.m. mannauðsstjóra sveitarfélaga sem nýtt hafa sér aðferðarfræði raunfærnimats, er að þetta sé valkostur sem nýta eigi við inntöku í leikskólakennaranám.³

Önnur lokapróf af þriðja þrepi framhaldsskóla eru talin jafngild sveinsprófum og stúdentsprófum og ættu sem slík að veita jafnan rétt til aðgengis að háskóla. En skipulag lokaprófsins og uppbygging námsins getur sem slíkt haft hamlandi áhrif á hvaða nám er aðgengilegt í háskóla. Starfshópurinn telur að með því að skilgreina lokapróf í leikskólafræðum megi auka möguleiki á því að háskólar meti það sem nægilegan undirbúning fyrir nám í leikskólakennarafræðum í háskóla.

³ Mat á raunfærni byggist á þeirri hugmynd að nám fari ekki eingöngu fram innan formlega skólakerfisins heldur við alls konar aðstæður og í alls konar samhengi. Allt nám er álitnið verðmætt og því mikilvægt að það sé skjalfest óháð því hvar þess hefur verið aflað. Á undanförunum árum hefur hugtakið fengið aukna athygli í evrópsku samhengi. Ástæður þess eru m.a. samfélagslegar, s.s. mikilvægi mannauðsins í samfélaginu, möguleiki á auknum hagvexti með hækkun þekkingarstigsins, auknið jafnrétti og jafnari staða til þátttöku í þekkingarsamfélaginu.

Með mati á raunfærni fær fullorðið fólk á vinnumarkaði aukna möguleika á að sækja sér menntun og þjálfun til að auka færni sína. Helsti ávinningur einstaklinganna er að fá ný tækifæri til að styrkja sig í námi og starfi. Með því að fá viðurkenningu á færni sinni geta þeir haldið áfram námi þar sem þeir eru staddir í þekkingu og færni en ekki þar sem formlegu námi lauk.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af hugmyndum um skipulag útgönguleiða og menntunar í leikskólafræðum.

Mynd 2 hér að ofan sýnir hugmynd að skipulag leikskólakennaranáms þar sem nýtt eru þau tækifæri sem liggja í nýrri uppbyggingu menntakerfisins eins og það er skilgreint í skóalögunum frá 2008. Þar er framhaldsskólum ætlað að skilgreina þær námsbrautir sem þeir bjóða upp á og viðeigandi námslok.

Á framhaldsskólastiginu eru nú skilgreind þrjú þrep. Lagt er til að valdir verði a.m.k. tveir framhaldsskólar sem verði falið að stjórna verkefni þar sem þessi þrepaskipting og námslok verða þróuð frekar.

Lagt er til að þrepaskipting og námslok á framhaldsskólastigi verði með eftirfarandi hætti:

Leikskólaliði:

Á þrepi tvö er skilgreint nám sem lýkur með því að einstaklingar útskrifast sem leikskólaliðar með 90 – 120 framhaldsskólaeiningar (fein).

ÖLP í leikskólafræðum (NÝTT)

Um væri að ræða námslok af þrepi þrjú þar sem nemendur leggja að baki um 180 fein eða meira. Þau námslok myndu tryggja einstaklingum aðgengi að skilgreindu starfi í leikskólum og aðgengi að háskólanámi í leikskólakennarafræðum.

Með því að skilgreina í samstarfi við hagsmunaaðila, námslok í leikskólafræðum á framhaldsskólastigi er **kominn grunnur að raunfærnimati í leikskólafræðum** sem starfandi einstaklingar í leikskólum gætu nýtt sér til að fá metna starfsreynslu sína og menntun inn í nám í leikskólafræðum. Þeir hagsmunaaðilar sem þurfa að koma að skilgreiningu námslokanna sem hér hafa verið lögð til eru, *mennta- og menningarmálaráðuneyti, Félag leikskólakennara, framhaldsskólar, fulltrúar kennaramenntunarstofnana sem bjóða upp á leikskólakennaramenntun, Samband íslenskra sveitarfélaga og Efling-stéttarfélag.*

Með þessari hugmynd væri verið að ná til nýnema á framhaldsskólastigi (grunnskólanemenda), og starfsfólks í leikskólum sem hefur áhuga á að bæta við menntun sína.

Lagt er til að fjölga einnig útskriftarmöguleikum á fimm ára námsleið til leikskólakennararéttinda með eftirfarandi hætti:

Diplóma í leikskólafræðum:

Hér væri um að ræða 60 – 120 ECTS nám í leikskólafræðum sem gefur skilgreind starfsréttindi og starfssvið í leikskólum.

B.Ed í leikskólakennarafræðum:

180 ECTS nám í leikskólakennarafræðum sem gefur skilgreind starfsréttindi í leikskólum.

M.Ed í leikskólakennarafræðum:

Fullt meistaranám 120 ECTS að loknu B.Ed. eða öðru bakkalárnámi í leikskólakennarafræðum sem gefur full leikskólakennararéttindi.

Nú þegar eru til bæði B.Ed. og M.Ed. gráður í háskólunum í leikskólakennarafræðum og í kringum 2003 – 2005 var kennt til Diplómagráðu á bakkalárstigi við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Með þessari útfærslu væri hægt að ná til einstaklinga sem eru með lokapróf frá framhaldsskólum, sem hafa fengið raunfærnimat út frá ÖLP í leikskólafræðum sem og þeirra sem hafa lokið⁴ öðru námi á bakkalárstigi en kennaranámi.

Framkvæmd:

Þetta er skammtímaverkefni sem stefna ætti að því að ljúka fyrir árið 2015 þegar framhaldskólar fara að innrita nemendur samkvæmt nýrri námskrá og lögum.

Til þess að hrinda þessum aðgerðum í framkvæmd þarf að:

- a) Setja af stað starfshóp sem skilgreinir námslok á þrepi 3 í framhaldsskólum undir möguleikanum önnur lokapróf með sérhæfingu í leikskólafræðum. Þessi hópur yrði að samanstanda af fulltrúum ráðuneytisins, háskóla sem bjóða upp á leikskólakennaranám, sveitarfélaga, Eflingu og völdum framhaldsskólum. Verkefni þessa hóps væri að skilgreina lærdómsviðmið námslokanna. Þau yrðu einnig notuð sem grunnur að raunfærnimati til lokaprófs í leikskólafræðum frá framhaldsskóla. Þetta próf gæfi aðgengi að leikskólakennarafræðum á háskólastigi. Hópin þyrfti að skipa haustið 2012 til eins árs. Lögð er áhersla á að mennta- og menningarmálaráðuneyti veiti styrk til að þróa þessa námsbrautir og aðgengisviðmið í leikskólakennaranámi á háskólastigi.
- b) Fjölga mögulegum námslokum á háskólastigi og bæta við diplómanámi á bakkalárstigi. Viðkomandi háskólar ættu að hafa um það samstarf sín á milli.

⁴ Í reglugerð nr. 872/2009 um inntak kennaramenntunar segir í 4. gr um menntun leikskólakennara.

Til þess að uppfylla skilyrði um menntun leikskólakennara skal inntak og vægi menntunar a.m.k. vera sem hér segir: Í meistaraþrófi frá háskóla skal uppeldis- og kennslufræði eigi vera minna en 150 staðlaðar námseiningar og inntak faggreina sem tengist námssviðum leikskólans eigi vera minna en 90 staðlaðar námseiningar. Um getur verið að ræða eina eða fleiri faggreinar/námssvið.

Þessi grein kemur í veg fyrir það að fólk með aðra menntun en leikskólakennarafræði á bakkalárstigi geti uppfyllt skilyrði með fullu 120 ECTS meistaranámi í leikskólafræðum. Þessu þarf að breyta.

Kostnaður:

Tveir framhaldsskólar leiða verkefnið og fá greiddar 2 millj. kr. hvor úr þróunarsjóði framhaldsskóla⁵. Greitt verður fyrir ferða- og fundakostnað skv. reglum fjármálaráðuneytis.

Samtals: 4.500.000 kr.

⁵ Athuga staðsetningu við val á skólum og hvort þeir séu með dreifnám eða ekki.

VERKEFNI 3**Sveigjanleiki í menntun á starfstíma**

Kynning á möguleikum starfsfólks í leikskólum á endurmenntun á starfstíma og kynna sveitarfélögum mismunandi möguleika og leiðir sem notaðar hafa verið og gefið góðan árangur.

Leiða má að því líkum að kostnaður við nám geti hindrað fólk í að afla sér aukinnar menntunar. Mörg sveitarfélög bjóða upp á möguleika til endurmenntunar sem hluta af starfsumhverfi starfsmanna sinna.

Samkvæmt óformlegri könnun sem framkvæmd var í tengslum við vinnu starfshópsins kom í ljós að til að fjölga leikskólakennurum hafa mörg sveitarfélög farið þá leið að bjóða svigrúm í starfi til að stunda fagtengt nám án launaskerðingar. Dæmi um þetta er að finna víða. Það sem er sammerkt með þeim leiðum sem sveitarfélög hafa farið er að starfsfólki leikskóla býðst að taka allt að 6 vikna launað leyfi á ári til að sækja staðlotur og sinna vettvangsnámi. Sum sveitarfélög hafa að auki boðið upp á ferðastyrki og styrki til námsefniskaupa. Þá hafa einhver sveitarfélög farið þá leið að bjóða upp á námsstyrki til nema á lokaári. Þessar aðgerðir hafa í flestum tilfellum skilað sveitarfélögum auknum fjölda leikskólakennara en heldur hefur dregið úr því að sveitarfélög bjóði þessi hlunnindi eftir efnahagshrunið 2008.

Geta má þess að við menntavísindasvið HÍ og hug- og félagsvísindasvið HA er lengd staðnáms og annarra verkefna í fullu fjarnámi um 7 – 8 vikur á ári. Þá eru ekki meðtaldar 1350 – 1620 klukkustundir af vinnu sem einstaklingarnir þurfa að inna af hendi í frítíma sínum ef þeir ætla að stunda fullt nám.

Hvatning og skilningur stjórnenda og rekstraraðila er einnig mikilvægur þáttur í skipulagningu og kynningu á menntunarmöguleikum starfsmanna í leikskólum.

Framkvæmd:

Þetta verkefni er fyrst og fremst í höndum sveitarfélaga.

- Sveitarfélög verði hvött af samstarfsnefnd leik- og grunnskóla til þess að setja sér reglur um hvernig þau styðja starfsfólk leikskóla til náms í leikskólakennarafræðum. Fyrirmyndir um slíkar reglur eru til hjá mörgum sveitarfélögum.
- Mælt er til þess að á vettvangi Grunns, félags stjórnenda á skólaskrifstofum, verði til umfjöllunar þær leiðir sem sveitarfélög hafa farið til að auka möguleika starfsfólks leikskóla til starfsmenntunar og/eða til að laða til sín menntaða leikskólakennara. Tilgangurinn væri að skapa almenna umræðu um eflingu leikskólastigsins og miðla góðu verklagi á milli sveitarfélaga.
- Lagt er til að sveitarfélög geri sérstakt átak í að hvetja starfsfólk í leikskólum til að nýta sér þau tækifæri sem boðið er upp á.

- Sveitarfélög leiti leiða í samvinnu við háskóla að nýta raunfærnimat sem hvata til að hefja háskólanám.
- Ef starfsmaður leikskóla fer í leikskólaliðanám , ÖLP eða annað nám sem leiðir til aukinna tækifæra og opnar leiðir inn í leikskólakennaranám skal hann fá sem nemur a.m.k. 25% af sínu starfshlutfalli sem skilgreindan námstíma að því tilskildu að hann stundi námið og skili þeim árangri sem til er ætlast. Þetta þarf þó ávallt að gerast í góðu samstarfi yfirmanns og starfsmanns.

Kostnaður:

Sveitarfélög bera kostnað af endurmenntun starfsmanna sinna að hluta ásamt stéttarfélögum.

Fylgiskjal 1

a) Niðurgreiðsla námslána einstaklinga sem ljúka leikskólakennaranámi á fimm árum og hefja störf í leikskólum að námi loknu.

Hver einstaklingur sem hefur leikskólakennaranám og lýkur námi sínu á tilsettum tíma, eða á 5 árum, getur sótt um námslán hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna upp á 19.919 kr. fyrir hverja einingu eða að upphæð 6.275.700 millj. kr. í heild. Fyrir þessi lán mun hann greiða 3,75% af árstekjum sínum í 56 ár.

Hugmyndin gengur út á að við hvert ár sem einstaklingur vinnur í leikskóla að námi loknu, fær hann 20% af höfuðstóli námsláns síns afskrifað eða um 1.255.000 millj. kr. Þannig að eftir 5 ára starf myndi einstaklingurinn vera laus allra mála hjá LÍN.

Fyrir leikskólakennarann þýðir þetta að 3.75% af tekjum hans á ári fara ekki í greiðslu námslána næstu 56 árin.

Frá árinu 2018, ef áætlun gengur eftir með innritun nemenda í leikskólakennaranám, verða 180 leikskólakennarar á ári sem fengju þessa niðurfellingu og þýðir það 225.925.200 millj. kr. aukin útgjöld fyrir ríkið á því ári en frá og með árinu 2021 yrði árlegur útgjaldauki ríkisins u.þ.b. 564.813.000 millj. kr.

| | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2021 | 2022 |
|-------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------|---------------|---------------|
| Útskrifaðir | 180 | 180 | 180 | 180 | 180 | 180 |
| Kennslukostnaður | 138.780.000 | 277.560.000 | 416.340.000 | 555.120.000 | 693.900.000 | 693.900.000 |
| 20% afskriftir | 225.925.200 | 451.850.400 | 677.775.600 | 903.700.800 | 1.129.626.000 | 1.129.626.000 |
| 10% afsk. í 5 ár | 112.962.600 | 225.925.200 | 225.925.200 | 45.1850.400 | 564.813.000 | 564.813.000 |

Fylgiskjal 2

a) Öndvegisstyrkir til nemenda í meistaranámi í leikskólakennarafræðum.

Öndvegisstyrkir fyrir einstaklinga í meistaranámi í leikskólakennarafræðum væru greiddir út til einstaklinga sem sækja um slíka styrki til sjóðsstjórnar. Um er að ræða tveggja ára fullan námsstyrk, skráningargjöld og framfærsla innifalin fyrir tvo einstaklinga.

| | |
|----------------------------------|--------------|
| Kostnaður á ári í styrkveitingar | 12 millj. kr |
| Umsýsla og þjónusta | 1 millj. kr |
| Heild | 13 millj. kr |

Ef svona sjóður ætti að vinna út frá ávöxtun á stofnfé má áætla að stofnfé yrði að vera um 290 millj. kr sem ríki og sveitarfélög gætu lagt til og væri í umsjón Rannís að úthluta en stofnfé væri á 4% óskilgreindri ávöxtun.

Einnig væri hægt að hafa fasta fjármögnun á styrkjunum af rekstrarliðum ríkis og sveitarfélaga.